

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 13 95. ár

Miðvikudaginn 30. janúar 2002

Laus störf

Reykjavík.

Laus eru til umsóknar staða rannsóknarlög-reglumanns í forvarnardeild lögreglunnar í Reykjavík. Þetta starf býður upp á sveigjanlegan vinnutíma og getur verið um fullt starf eða hluta-starf að ræða, en það er að mestu unnið í dag-vinnu. Um er að ræða starf rannsóknarlögreglu-manns sem í samvinnu við annan rannsóknar-lögreglumann hefur m.a. umsjón með og sinnir fræðslu í leikskólum, grunnskólum og fram-haldsskólum, auk ýmissar fræðslu hjá félögum, fyrirtækjum og víðar. Æskilegt er að viðkom-andi geti sinnt fíkniefnafræðslu, en í boði er þjálfun á því sviði. Fyrir áhugasamt fólk getur þessi staða falið í sér metnaðarfullt braut-ryðjendastarf. Þetta er áhugaverð staða fyrir konur eða karla sem vilja vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði.

Jafnframt eru lausar til umsóknar þrjár stöður rannsóknarlögreglumanna, hverfalögreglumanna, í hverfum í austurborg Reykjavíkur. Þessi störf bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma og bæði getur verið um fullt eða hlutastarf að ræða, en það er að mestu unnið í dagvinnu. Þessi störf eru bæði fjölbreytt og lifandi. Hverfalögreglumenn vinna að forvarnarmálum og eru í samstarfi við ýmis samtök og stofnanir, s.s. skóla, félagsþjón-ustu, íbúasamtök og foreldrafélag í sínu hverfi og koma þar fram fyrir hönd embættisins. Þeir sjá um rannsóknir mála ósakhæfra barna og fleira. Þetta eru áhugaverðar stöður fyrir konur eða karla sem vilja vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði.

Umsóknum skal skilað til Guðmundar M. Guðmundssonar starfsmannastjóra en umsókn-arfrestur rennur út 5. febrúar 2002. Nánari upp-lýsingar um stöðurnar veita Guðmundur M. Guðmundsson starfsmannastjóri, Guðmundur Gígja aðstoðaryfirlögregluþjónn og Eiður H. Eiðsson, lögreglufulltrúi í forvarnardeild.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjár-málaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Um-sækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögreglu-skóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að um-sóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkis-lögreglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögreglu-þjóna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðu-blöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur sem uppfylla skilyrðin eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 21. janúar 2001.
Ríkislögreglustjórnin.

(737)

Auglýsing

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 18. janúar 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

734)

Auglýsing

um deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að deiliskipulagsáætlunum fyrir eftirtalin svæði í Reykjavík:

Leirulækur, Dalbraut, Sundlaugavegur, (Laugalækur), Dalbrautarreitir, deiliskipulag.

Tillagan tekur til svæðis er afmarkast af Leirulæk til norðurs, Dalbraut til austurs, Sundlauga-vegi til suðurs og Leirulæk og Laugalæk til vesturs.

Um er að ræða tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið. Markmið tillögunnar eru m.a. að gefa skipulagssvæðinu heildstætt yfirbragð og ákveða nýtingu þess til framtíðar, tryggja betri nýtingu lóða, aðkomuleiðir og tengsl við umhverfið og taka tillit til útivistarsvæðis á norðaustur hluta reitsins.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að heimilt verði að byggja nýtt fjögurra hæða fjölbýlishús með um 27 íbúðum á svæðinu milli Lækjarborgar, Laugalækjarskóla og húsanna nr. 12 (barna- og ungl-ingageðdeildar), 16 og 20 við Dalbraut. Útivistarsvæði á norðaustur hluta reitsins (norðan Dalbrautar 16) verði útfært í samræmi við tillögu Borgarskipulags frá 1997. Þá gerir tillagan ráð fyrir viðbygg-ingum á einni hæð við Dalbraut nr. 12 (barna- og ungl-ingageðdeild) og eins til tveggja hæða við-byggingum við Laugalækjarskóla.

Jarðirnar Mógilsá og Kollafjörður, Kjalarnesi, Reykjavík, deiliskipulag.

Tillagan tekur til jarðanna Mógilsár og Kollafjarðar á Kjalarnesi, Reykjavík. Deiliskipulags-svæðið afmarkast af landamerkjum jarðanna.

Meginmarkmið tillögunnar er að styrkja svæðið sem alhliða útivistarsvæði með áherslu á göngufólk, ræktun og vernd náttúru- og söguminja.

Tillagan gerir m.a. grein fyrir framtíðarnýtingu svæðisins til útivistar og ræktunar, uppbyggingu og framtíðarfyrirkomulagi mannvirkja, landnotkun og starfsemi og verndun náttúru- og söguminja.

Skúlagötuskipulag/Skuggahverfi, Skúlagata, Frakkastígur, Lindargata, breyting á deiliskipulagi.

Tillagan tekur til svæðis sem afmarkast af Skúlagötu til norðurs, Frakkastíg til austurs, Lindargötu til suðurs og vesturmörkum Lindargötu 29, Skúlagötu 10, 10A, 12 og fyrirhugaðs leiksvæðis til vesturs.

Tillagan gerir ráð fyrir að fallið verði frá byggingu hótels milli Frakkastígs og Vatnsstígs en í stað þess verði heimilað að reisa 3-16 hæða fjölbýlishús auk neðanjarðarbilgeymslu. Á reitnum vestan Vatnsstígs var gert ráð fyrir að reist yrðu 4 fjölbýlishús á 3-9 hæðum auk Lindargötu 29 sem stæði óbreytt. Tillagan gerir ráð fyrir nokkurri þéttingu á þeim reit og fjölgun íbúða eða 7 fjöl-býlishúsum á 3-16 hæðum auk neðanjarðarbilgeymslu.

Heildarfjöldi íbúða á svæðinu er áætlaður um 242. Reiknað er með 1,5 bílastæði á íbúð og að u.þ.b. 2/3 þeirra verði í bilgeymslum neðanjarðar.

Tillögurnar liggja frammi í sal skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00 – 16.00 frá 30. janúar 2002 til 13. mars 2002. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 13. mars 2002.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 23. janúar 2002.

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur.

788)

Auglýsing

um tillögu að breytingu á deiliskipulagi heimalands Garðyrkjuskólans að Reykjum, Ölfusi

Bæjarstjórn Ölfuss auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi heimalands Garð-yrkjuskólans að Reykjum, Ölfusi, samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillagan felur í sér gerð nýrrar lóðar, Brúarhvamms 3, sem er úr lóðinni Brúarhvammur. Lóðin liggur að Varmá og er um 1969 m². Lóðin afmarkast af vegi í norðri, lóð Lækjarhvamms í austri, Varmá í suðri og Brúarhvammi í vestri.

Við gildistöku breytts skipulags fellur úr gildi deiliskipulagsuppdráttur fyrir heimaland Garðyrkjuskólans að Reykjum, sem gerður var 1986, með síðari breytingum.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, frá og með 30. janúar 2002 til 27. febrúar 2002.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 13. mars 2002.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss, Hafnarbergi1, 815 Þorlákshöfn.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Bæjarstjóri Ölfuss.

789)

Auglýsing

um skipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Þórisstaða í Grímsnesi.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við deiliskipulag af Hesthaga í landi Þórisstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gert er ráð fyrir þremur 5000 fm lóðum undir frístundahús. Skipulagstillögur liggja frammi á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps frá 30. janúar til 28. febrúar 2002. Skriflegum athugasemdum við skipulagstillögurnar skal skila á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 15. mars 2002. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Breytingatillaga að svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015 í landi Þórisstaða í Grímsnesi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 auglýsir sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015. Breytingin felur í sér að spilda í landi Þórisstaða í Grímsnesi sem ætluð er undir landbúnað breytist í fyrirhugað frístundasvæði.

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps.

755)

Nauðungarsölur

Patreksfjörður

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Aðalstræti 92, 2. h., Patreksfirði, mánudaginn 4. mars 2002 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Aðalstræti 4, 0101 665)	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	3.135.343
Aðalstræti 4, 0104 666)	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	1.634.376
Aðalstræti 4, 0202 667)	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	160.623
Aðalstræti 74, efri hæð 668)	Þóra Björk Óskarsdóttir	Íbúðalánasjóður og Landsbanki Íslands hf., höfuðst.	1.143.931
Aðalstræti 8 669)	Símon Friðrik Símonarson	Offsetfjölritun ehf. og Sparisjóður Vestfirðinga, Patreksfirði	2.729.878
Aðalstræti 87, neðri hæð 670)	Þórdís E. Thoroddsen	Sparisjóður Vestfirðinga Patreksfirði	551.162
Arnarbakki 3, 465 Bíldudal, Vesturbyggð 671)	Andri Már Ástvaldsson	Íbúðalánasjóður	274.175
Arnarholt, Krossholti 672)	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	1.514.499
Balar 6, 0102 674)	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	3.165.935
Balar 6, 0201 675)	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	2.047.424

Ríkislögreglustjórinn.

Laus eru til umsóknar staða lögreglufulltrúa á SIRENE-skrifstofu alþjóðadeildar ríkislögreglustjórans. Starfið felst m.a. í yfirlestri gagna í Schengen upplýsingakerfinu, upplýsingagjöf til notenda kerfisins, samskiptum við aðrar SIRENE-skrifstofur, skjalavörslu o.fl.

Um er að ræða vaktavinnu að hluta sem felur í sér að starfsmennirnir þurfa að sinna nætur- og helgarvöktum fimmtu hverja viku.

Gerð er krafa um góða málakunnáttu, enska og Norðurlandamál skilyrði, en kunnátta í öðrum tungumálum kostur. Kunnátta í notkun helstu tölvuforrita er nauðsynleg.

Umsóknum skal skilað til embættis ríkislögreglustjóra, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, en umsóknarfrestur rennur út 5. febrúar 2002. Smári Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „*Eyðublöð*“.

Konur sem uppfylla skilyrðin eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 21. janúar 2002.

Ríkislögreglustjórinn.

738

Stefnur

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Alþj. bifreiðatryggingar á Íslandi, kt. 681071-0249, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík.

Stefndi: Davíð Bragi Gígja, kt. 020180-4049, óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Helgi Jóhannesson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 105.507 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 105.507 frá 24. nóvember 2001 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi sér um að gera upp tjón sem óvátryggð ökutæki valda. Málavextir eru þeir að þann 19. apríl 2001 olli stefndi, Davíð Bragi Gígja, tjóni er hann bakkaði bifreiðinni JÞ-782 á bifreiðina SH-553 kyrrstæða á bílastæði við Jórufell 6-8, Reykjavík. Bifreiðin JÞ-782 var óvátryggð er tjónið varð, en eigandi hennar og ökumaður á þeim tíma var stefndi, Davíð Bragi Gígja. Ökumaður hinnar óvátryggðu bifreiðar var í fullri sök. Á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 556/1993 greiddi stefnandi eiganda bifreiðarinnar SH-553 bætur fyrir það tjón sem hann varð fyrir og nam sú fjárhæð stefnufjárhæð í máli þessu. Ökumaður og skráningarskyldur eigandi bifreiðarinnar er tjóninu olli ber ábyrgð á því tjóni skv. 88., 90. og 93. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Af þessum sökum beinir stefnandi kröfum sínum að honum

í máli þessu. Krafa stefnanda byggist á meðfylgjandi reikningum sem eru að samtölu kr. 105.507 og er það því stefnufjárhæð máls þessa. Þar sem stefndi, Davíð Bragi Gígja, er óstaðsettur í hús er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfu-réttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Auk þess er vísað til 88., 90. og 93. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og reglugerðar nr. 556/1993.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Reikning v/tjóns á SH-553.
2. Tilkynningu stefnanda til stefnda dags. 14. ágúst 2001og 23. ágúst 2001.
3. Tjónstilkynningu dags. 19. apríl 2001.
4. Tilkynningu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. til lögreglu dags. 16. janúar 2001.
5. Staðfestingu Þjóðskrár.
6. Lögbirtingablað þar sem stefna þessi birtist.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg, dómsal nr. 102, þann 7. mars 2002, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvars-manna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 21. janúar 2002.

F.h. stefnanda,

Helgi Jóhannesson hrl.

(756)

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Sindra Stál hf., kt. 500377-0119, Klettagörðum 12, 104 Reykjavík.

Stefndi: Gísli V. Bryngeirsson, kt. 060163-2439, óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Lilja Jónasdóttir hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 182.702,00, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 182.702 frá 1. apríl 2001 til 1. júlí 2001, en frá þeim degi er krafist dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 til greiðsludags. Þá er krafist máls-kostnaðar samkvæmt mati dómsins, en máls-kostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er innflutningsfyrirtæki, sem flytur inn stál, málma, byggingavörur, vélar og verkfæri. Skuld þessi er vegna viðskipta stefnanda og stefnda, en stefndi keypti vörur hjá stefnanda í mars 2001 skv. reikningsyfirliti dags. 23. október 2001 að fjárhæð kr. 182.702. Þann 1. apríl 2001 nam því höf-

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Balar 6, 0202 ⁶⁷⁶⁾	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	3.165.935
Bjarkarholt, Krossholti ⁶⁷⁷⁾	Helga Bjarnðís Nönnudóttir	Ríkisfjárhirsla, Tryggingamiðstöðin hf. og Vátryggingafélag Íslands hf.	7.767.125
Brynjar BA 128, sknr. 1947, ásamt rekstrartækjum og veiðiheimildum ⁶⁷⁸⁾	Guðmundur Ásgeirsson	Þróunarsjóður sjávarútvegsins	55.834
Geirseyri I og II ásamt Þúfnaeyri ⁶⁸⁰⁾	Vesturbyggð	Þróunarsjóður sjávarútvegsins	77.778.478
Hellisbraut 18, 380 Reykhólum, Króksfjarðarnesi ⁶⁸¹⁾	Guðjón Gunnarsson	Íbúðalánasjóður	211.603
Hellisbraut 72, 380 Reykhólum, Króksfjarðarnesi ⁶⁸²⁾	Jón Þór Kjartansson	Lífeyrissjóður verslunarmanna	140.484
Hólar 18, efri hæð ⁶⁸³⁾	Magnús Jón Áskelsson og Brynja Haraldsdóttir	Íbúðalánasjóður	134.641
Sigtún 31, 0101 ⁶⁸⁴⁾	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	1.649.426
Stakkar 1, fjárhús og hlaða og fjós ⁶⁸⁵⁾	Ólöf Matthíasdóttir og Skúli Hjartarson	Vátryggingafélag Íslands hf.	148.337
Strandgata 4, 460 Tálknafirði ⁶⁸⁶⁾	Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.	Tálknafjarðarhreppur og Vátryggingafélag Íslands hf.	2.172.483
Sæbakki 4A, 465 Bíldudal, Vesturbyggð ⁶⁸⁷⁾	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	2.226.482
Tumi BA 222, sknr. 6716, ásamt rekstartækjum og veiðiheimildum ⁶⁸⁸⁾	Útgerðarfélagið Eyland ehf.	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	2.445.352
			Patreksfirði, 14. janúar 2002. Sýslumaðurinn á Patreksfirði, Björn Lárusson ftr.

Bolungarvík

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, miðvikudaginn 6. mars 2002 kl. 15.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Hafnargata 53-59 ⁶⁵⁸⁾	Vélsmiðjan Bolungarvík ehf.	Tryggingamiðstöðin hf.	336.134
Hjallastræti 24 ⁶⁵⁹⁾	Katrín Gunnarsdóttir	Íbúðalánasjóður	4.762.225
Hjallastræti 25 ⁶⁶⁰⁾	Haraldur Guðmannsson og Dóra Björk Marinósóttir	Íbúðalánasjóður	4.680.800
Holtastígur 15 ⁶⁶¹⁾	Agnar Ebenesersson	Bakki söluskrifstofa hf.	1.808.885
Hólsvegur 6 ⁶⁶²⁾	Gunnar Sigurðsson og Hlédís Sigurb. Hálfðánardóttir	Íbúðalánasjóður	3.003.272

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Hólsvegur 7 ⁶⁶³⁾	Hjálmar Gunnarsson	Vátryggingafélag Íslands hf.	70.452
Skólastígur 10, 0101 ⁶⁶⁴⁾	Pétur Jónsson	Íbúðalánasjóður	34.292

Bolungarvík, 16. janúar 2002.
Sýslumaðurinn á Bolungarvík,
Jónas Guðmundsson.

Sauðárkrókur

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Suðurgötu 1, Sauðárkróki, fimmtudaginn 21. mars 2002, kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Austurgata 6, Hofsósi ⁷⁵¹⁾	Lúðvík Bjarnason	Vátryggingafélag Íslands	38.773,00
Baldurshagi, Hofsósi ⁷⁵²⁾	Sólvík hf.	Lífeyrissjóður verslunarmanna	436.911,00
Mb. Bylgja SK-6, skmr. 1819 ⁷⁵³⁾	Hofskel ehf.	Þróunarsjóður sjávarútvegsins	55.107,00
Freyjugata 50 ⁷⁵⁴⁾	Jón Sigfús Sigurjónsson og Jóhanna Halldórsdóttir	Íbúðalánasjóður	5.717.674,36

Sauðárkróki, 17. janúar 2002.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki,
Ríkarður Másson.

Húsavík

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, þriðjudaginn 5. mars 2002 kl. 13.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Aðalbraut 57, Raufarhöfn ⁶³⁸⁾	Angela Ragnarsdóttir og Einar Ragnarsson	Samvinnulífeyrissjóðurinn	1.132.156
Bláhvammur, hluti, Reykjahreppi ⁶³⁹⁾	Böðvar Jónsson	Kaupfélag Þingeyinga	618.845
Brúnagerði 1, neðri hæð ⁶⁴⁰⁾	Meindýravarnir Íslands ehf.	Reykjavíkurborg	133.833
Fossvellir 10 ⁶⁴¹⁾	Brynjar Þór Halldórsson	Lífeyrissjóður sjómanna og Sparisjóður Norðlendinga	662.873
Garðarsbraut 39, íbúð 0201, ⁶⁵²⁾	Valgerður Kristjánsdóttir og Sigurður Jóhannsson	Íbúðalánasjóður	2.826.983
Héðinsbraut 9, efri hæð ⁶⁴²⁾	Vigfús Þór Leifsson og Sigrún Elín Brynjarsdóttir	Íbúðalánasjóður	4.113.722

Húsavík, 18. janúar 2002.
Sýslumaðurinn á Húsavík,
Halldór Kristinsson.

uðstóll skuldarinnar kr. 182.702 og er það stefnufjárhæð máls þessa. Þar sem stefndi er óstaðsettur í hús er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfu-réttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefn-andi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum ásamt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einka-mála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga númer 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

- Reikningsyfirlit dags. 23. október 2001.
- Afrit innheimtubréfs dags. 1. nóvember 2001.
- Afrit ítrekunarbréfs dags. 15. nóvember 2001.
- Staðfestingu frá Þjóðskrá.
- Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu v/Lækjartorg, dómsal nr. 102, þann 7. mars 2002, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrir-svarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrir-töku málsins geta þeir átt von á að stefnukröf-urnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 21. janúar 2002.
F.h. stefnanda,
Lilja Jónasdóttir hrl.

⁽⁷⁵⁷⁾

Innkallanir

Dánarbú Egils Reynis Elíssonar, kt. 010752-4429, er lést þann 7. september 2000 og síðast var til heimilis að Sólheimum 12, Breiðdalsvík, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 19. febrúar 2001 tekið til opinberra skipta og undirritaður skipaður skipta-stjóri búsins. Við skiptameðferðina hefur komið fram sú afstaða erfingja í búinu, að þeir ábyrgist ekki skuldir búsins.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Fjarðabyggð, 21. janúar 2002.
Gísli M. Auðbergsson hdl.,
skiptastjóri.

^(741 a)

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 20. desember 2001, var bú Ofnasmiðju Njarðvíkur ehf., kt. 420584-0169, Smiðjuvöll-um 6, Keflavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-dagur við skiptin er 2. maí 2001.

Hér með er skorað á lánardrottna og aðra þá, sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða muni í vörslum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skal senda til undirritaðs skiptastjóra, Kristjáns Ólafssonar hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á ofangreindri skrifstofu undirritaðs, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, miðvikudaginn 10. apríl 2002 kl. 13.30 síðdegis.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir fundinn.

Reykjavík, 18. janúar 2002.
Kristján Ólafsson hrl.

(742 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum þann 21. desember 2001, var bú Euro-
lakks hf., kt. 601192-2769, Smiðjuvegi 11e, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 20. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-
um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-
stjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 5. hæð, fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 13.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(747 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum þann 21. desember 2001, var bú Ísnor ehf., kt. 611195-2309, Hrannargötu 6, Keflavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 16. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-
um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-
stjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 5. hæð, fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 14.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(748 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum þann 21. desember 2001, var bú Guð-
mundar Jónssonar, kt. 061069-3059, Borgar-
holtsbraut 27, Kópavogi, tekið til gjaldþrota-
skipta. Frestdagur við skiptin er 16. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-
um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-
stjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 5. hæð, fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 14.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(749 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum þann 21. desember 2001, var bú Guðbjargar Særúnar Sævarsdóttir, kt. 120470-
4699, Heiðarhrauni 30c, Grindavík, tekið til

Höfn

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hafnarbraut 36, Höfn, fimmtudaginn 7. mars 2002 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Fiskhóll 11, 0201 ⁽⁶⁹⁰⁾	Svava Bjarnadóttir	Íbúðalánasjóður	466.928
Hafnarnes 2, 0101 ⁽⁶⁹¹⁾	Guðrún Ragna Sveinsdóttir og Razil Valeriano Steinsson	Íbúðalánasjóður og Landsbanki Íslands hf., aðalbanki	240.841
Hagatún 1, 0201 ⁽⁶⁹²⁾	Guðmundur Ingi Steinsson	Tryggingamiðstöðin hf.	47.330
Hagatún 10, neðri hæð og bílskúr ⁽⁶⁹³⁾	Bjartmar Ágústsson og Elínrós Jóhannsdóttir	Olúfélagið hf.	248.935
Hoffell 2a ⁽⁶⁹⁴⁾	Ragnar Leifur Þrúðmarsson	Íbúðalánasjóður	67.581
Hæðagarður 10 ⁽⁶⁹⁵⁾	Margrét Herdís Einarsdóttir	Íbúðalánasjóður	324.544
Hæðagarður 16 ⁽⁶⁹⁶⁾	Erlingur Ingi Brynjólfsson og Rut Guðmundsdóttir	Íslandsbanki-FBA hf.	814.607
Miðtún 12 ⁽⁶⁹⁷⁾	Sveinn Rafnkelsson	Lífeyrissjóður Austurlands	88.404
Silfurbraut 34 ⁽⁶⁹⁸⁾	Þorkell Grímsson og Ingibjörg Jónasdóttir	Tryggingamiðstöðin hf.	52.369
Smárabraut 19 ⁽⁶⁹⁹⁾	Jón Haukur Hauksson og Sesselja Steinólfsdóttir	Bókhaldsstofan ehf. og Lífeyrissjóður Austurlands	345.468

Höfn, 17. janúar 2002.
Sýslumaðurinn á Höfn,
Páll Björnsson.

gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 16. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-
um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-
stjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 5. hæð, fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 15.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(750 a

Reykjavík, 17. janúar 2002.
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 11. janúar 2002, var bú Íþróttafélagsins Leifturs, kt. 420269-7659, Hlíðarvegi 71, 625 Ólafsfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Íþróttafélagið Leiftur rak á sína ábyrgð knattspyrnudeild Leifturs, kt. 421194-2549, Ægisgötu, Ólafsfirði og skíðadeild Leifturs, kt. 491195-2079, Kirkjuvegi 4, Ólafsfirði. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 23. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum

fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan 2ja mán-
aða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 14, pósthólf 377, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 14, 2. hæð, Akureyri, þriðjudaginn 9. apríl 2002 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Akureyri, 16. janúar 2002.
Inga Þóll Þórgnýsdóttir hdl.

(657 b

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Búnaðar-
banka Íslands og útibú hans eru glataðar:

Aðalbankinn: Nr. 94837, 208984, 203909, 98336, 202913, 93537, 800124 og 35910.
Akureyri: Nr. 240697, 200011, 240437 og 240011.
Austurbær: Nr. 61959, 805212, 40030, 215640 og 215307.
Vesturbær: Nr. 813152.
Blönduós: Nr. 815022 og 245522.
Hella: Nr. 15716, 250507 og 252367.
Melar: Nr. 225614 og 11951.
Háaleiti: Nr. 8102.
Mosfellsbær: Nr. 276552, 276281, 831175 og 278415.
Garðabær: Nr. 288886, 288497, 800094 og 837298.
Mjódd: Nr. 201225.
Kópavogur: Nr. 296295, 297296, 102 og 196.
Kringlan: Nr. 200110 og 3264.

Grafarvogur: Nr. 800639, 201162 og 201148. Selfoss: Nr. 12356. Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 er hér með skorað á handhafa nefndra sparisjóðsbóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar. Reykjavík, 16. janúar 2002. Búnaðarbanki Íslands, Bentína Pálsdóttir. Sigríður Stefánsdóttir.	(656 b
---	-------------------

Skiptafundur

Skiptafundur í þrotabúi Bílfoss ehf., kt. 520692-2319, verður haldinn á skrifstofu skipta-stjóra að Ingólfsstræti 3, Reykjavík, föstudaginn 8. febrúar 2002 kl. 10.00 árdegis. Frumvarp til úthlutunar á söluverði veðsettra lausafjármuna þrotabúsins verður lagt fram á fundinum.

Berist ekki mótmæli við efni frumvarpsins í síðasta lagi á fundinum sjálfum verður frum-varpið samþykkt sem úthlutunargerð söluand-virðis og veðhöfum greitt samkvæmt því.

Reykjavík, 22. janúar 2002. Sigurbjörn Þorbergsson hdl., skiptastjóri.	(758
--	-----------------

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 20. mars 2001, var bú Þóris Ágústs Jónssonar, kt. 251246-3199, tekið til gjaldþrota-skipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýsta kröfu, sem var að fjárhæð kr. 3.733.728 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 20. mars 2001, var bú Ólafs Hauks-sonar, kt. 281246-3809, tekið til gjaldþrota-skipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð kr. 12.479.030 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskiptanna.

Reykjavík, 29. desember 2001. Páll Skúlason hdl.	(448
--	-----------------

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 25. nóvember 1998, var bú Þorsteins Sveinbjörnssonar, kt. 260650-2999, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann dag var Sólveig Bachman hdl. skipuð skiptastjóri. Hinn 22. september 2000 sagði Sólveig af sér sem skiptastjóri og var undirritaður þá skipaður skiptastjóri í hennar stað.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið þann 19. desember sl. samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist við skiptin upp í lýstar almennar kröfur að fjárhæð kr. 13.312.360 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 9. janúar 2002. Ásgeir Magnússon hrl.	(449
--	-----------------

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 12. mars 2001, var bú Hellunnar og Co. ehf., kt. 621297-7919, tekið til gjaldþrota-skipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð kr. 49.795.165 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 12. mars 2001, var bú Melikk ehf., kt. 650898-2149, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð kr. 52.992.471 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 26. febrúar 2001 var bú Bifreiðaverk-stæðis Guðjóns ehf., kt. 700796-2059, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð kr. 3.717.917 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 28. desember 2001. Bergsteinn Georgsson hdl.	(648
---	-----------------

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 15. nóvember 2000, var bú Sigurðar Karlssonar, kt. 230444-4989, Bláhömrum 2, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrota-búinu.

Við nauðungarsölu komu kr. 52.735 til greiðslu upp í lögveðskröfur en kr. 3.942.002 upp í aðrar veðkröfur.

Engar aðrar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið í dag skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar almennar kröfur, sem voru að fjárhæð kr. 1.272.832 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Mosfellsbæ, 15. janúar 2002. Örn Höskuldsson hrl.	(619
---	-----------------

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 5. september 1997, var bú Sjávarréttá í Keflavík hf., kt. 440566-0149, Víkurbraut 6, Keflavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðslur fengjust upp í lýstar kröfur sem námu samtals kr. 16.186.878 þar af forgangs-kröfur kr. 1.300.872.

Reykavík, 14. desember 2001. F.h. Helga Sigurðssonar hrl., Sigurmar K. Albertsson hrl.	(625
--	-----------------

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum þann 23. nóvember 2000, var bú Markfells ehf., kt. 620393-2829, Þverholti 9a, 270 Mosfellsbæ, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið þann 30. júlí 2001, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur sem voru að fjárhæð kr. 15.630.706, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskiptanna.

Reykjavík, 10. janúar 2002. Guðmundur St. Ragnarsson hdl.	(735
---	-----------------

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum þann 23. nóvember 2000, var bú Ísbúðarinnar Laugalæk 6-8 ehf., kt. 550598-2139, Laugalæk 6-8, Reykjavík, tekið til gjald-þrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið þann 30. júlí 2001, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur sem voru að fjárhæð kr. 10.805.060, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskiptanna.

Reykjavík, 10. janúar 2002. Guðmundur St. Ragnarsson hdl.	(736
---	-----------------

Fyrirtækjaskrá

Skipting hlutafélaga

Hlutafélagaskrá hefur borist skiptingaráætlun Útgerðarfélagsins Sandholts hf., kt. 450586-1459, Sandholti 17, 355 Snæfellsbæ, ásamt fylgiskjöllum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. hfl.

Viðtökufélög: BK útgerð ehf., kt. 500401-3380, Túnbrekku 13, 355 Snæfellsbæ og Holta-brún ehf., kt. 500401-3890, Holtabrún 4, 355 Snæfellsbæ.

Skiptingin miðast við 1. október 2001. Frá og með þeim degi taka viðtökufélögin við þeim eignum og skuldum, réttindum og skyldum, sem til félaganna skulu renna við skiptinguna.

Skiptingin mun að mjög litlu leyti rýra mögu-leika lánardrottna félaganna til fullnustu á kröf-um þeirra.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafund þann, sem endanlega ákveður skiptingu félagsins og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu aug-lýsingar um móttöku skiptingaráætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til skoðunar eða afhendingar.

Hlutafélagaskrá hefur borist skiptingaráætlun Ingimundar hf., kt 660169-4159, Fiskislóð 81, Reykjavík (áður Fiskislóð 137a), ásamt fylgi-skjöllum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. hfl.	(921
--	-----------------

Við skiptinguna verður stofnað nýtt félag, Fossabrún ehf., sem tekur við hluta af eignum og skuldum, réttindum og skyldum Ingimundar hf.

Skiptingin miðast við 1. janúar 2002. Frá og með þeim degi tekur viðtökufélag við þeim eignum og skuldum, réttindum og skyldum, sem til félagsins mun renna við skiptinguna.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafund þann, sem endanlega ákveður skiptingu félagsins og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu aug-lýsingar um móttöku skiptingaráætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til skoðunar eða afhendingar.

Hlutafélagaskrá hefur borist skiptingaráætlun frá Hvammsfelli hf., kt. 560283-0409, Eyrartröð 2, 220 Hafnarfirði, ásamt fylgiskjöllum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. hfl.	(922
--	-----------------

Hlutafélagaskrá hefur borist skiptingaráætlun frá Hvammsfelli hf., kt. 560283-0409, Eyrartröð 2, 220 Hafnarfirði, ásamt fylgiskjöllum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. hfl.

Við skiptinguna verður stofnað nýtt félag, KÓL ehf., sem tekur við hluta af eignum og skuldum, réttindum og skyldum Hvammsfells hf.

Skiptingin miðast við 1. janúar 2002. Frá og með þeim degi tekur viðtökufélag við þeim eign-um og skuldum, réttindum og skyldum, sem til félagsins mun renna við skiptinguna.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafund þann, sem endanlega ákveður skiptingu félagsins og

4309	13459	23597	36984	48626	57640	68359	79966	93068	102377	113423	123951	135051	144661
4340	13648	23745	37078	48746	57648	68584	80009	93081	102486	113475	123963	135198	144701
4376	13698	23788	37125	48859	57989	68685	80627	93231	102759	113522	123970	135409	144940
4529	13860	24082	37145	49038	58441	68714	80635	93276	102760	113752	124146	135499	145483
4548	13863	24116	37288	49200	58700	68834	80657	93480	103160	113882	124187	135534	145860
4676	14085	24123	37304	49202	58928	68978	80675	93592	103328	114300	124343	135785	145951
4717	14222	24188	37404	49352	58931	69273	80841	93609	103510	114559	124703	135853	146188
4760	14315	24758	37577	49440	59133	69443	81165	93742	103539	114664	124835	136040	146453
5004	14472	24819	37816	49718	59480	69453	81221	93816	103966	115221	124841	136355	146589
5034	14571	24902	38095	49727	59609	69671	81311	93967	104289	115248	125626	136380	146788
5262	14635	25016	38378	49743	59615	69822	81725	94239	104351	115513	125807	136544	146789
5267	14683	25118	38381	49945	59652	70138	82098	94327	104411	115707	125888	136698	146887
5283	14920	25143	38750	50016	59662	70142	82274	94538	104426	115789	125908	136815	147076
5440	14960	25167	39452	50093	59739	70212	82557	94556	104747	115837	126234	137087	147715
5484	15164	25171	39599	50251	59751	70222	82589	95371	104854	115852	126339	137404	147871
5731	15383	25219	39703	50260	59913	70316	82765	95443	104997	115946	126499	137482	147905
5806	15635	25335	39927	50368	60214	70332	82911	95558	105058	115967	126679	137691	147973
5863	15700	25659	39960	50394	60344	70384	83009	95646	105279	116167	127003	137709	148239
5966	15941	25888	40120	50460	60572	70593	83451	95691	105309	116379	127045	137821	148331
6108	16015	26062	40208	50662	60630	70613	83665	95776	105339	116715	127230	137896	148484
6193	16150	26397	40421	50995	60684	70911	83721	95814	105562	117086	127504	137997	148554
6291	16224	26766	40628	51135	60762	71110	83754	95875	105904	117134	127841	138349	149105
6410	16441	27190	40671	51162	60826	71227	83830	95891	106289	117220	127922	138417	149118
6639	16508	27544	40721	51226	60980	71320	83872	96124	106338	117350	128141	138421	149346
6663	16626	27664	41038	51276	61262	71345	84754	96133	106358	117456	128380	138468	149458
6947	16646	27723	41199	51352	61291	71396	85008	96592	106536	117623	128453	138481	149587
7042	16649	27733	41225	51472	61381	71476	85097	96637	106549	117709	128511	138869	149754
7102	16861	27762	41509	51760	61411	71853	85205	96671	106566	117770	128555	138889	149787
7443	16900	27907	42146	51828	61696	72193	85226	96679	106704	117879	128735	138975	149795
7541	16926	28026	42159	52092	62043	72337	85412	96816	106906	117974	128854	139324	149811
7684	16961	28029	42305	52121	62083	72536	85756	96819	107318	117978	129302	139363	149979
7726	17251	28041	42319	52174	62125	72628	85790	96922	107526	118029	129572	139397	
7792	17327	28145	42438	52362	62127	72657	86258	96938	107984	118121	129600	139788	
7868	17405	28191	42598	52673	62146	72735	86381	97021	108226	118350	129651	139833	
8241	17511	28792	42608	52851	62511	72765	86597	97046	108255	118863	129698	140067	
8339	17559	28840	42664	53031	62512	72912	86623	97109	108315	118874	129779	140320	
8354	17626	28891	42780	53143	62612	72953	86721	97155	108390	119049	129933	140839	
8488	17633	28993	42965	53150	62617	73360	87013	97194	108452	119097	129943	140887	
8964	17785	29042	43004	53223	63013	74282	87062	97272	108597	119107	130065	140933	

Bandalag íslenskra skáta.

50)

5. Elín Brynjarsdóttir, kt. 290460-2199, Sunnuhlíð 19d, Akureyri og Guðmundur Guðmundsson, kt. 100357-2919, s.st. (7. nóvember 2001).
6. Valborg Rakel Gunnarsdóttir, kt. 020339-4469, Lerkilundi 12, Akureyri og Sigtryggur Valdimarsson, kt. 101227-4999, s.st. (19. nóvember 2001).
7. Britta Gloyer Jensen, kt. 160966-2469, Syðra Brekkukoti, Arnarneshreppi, Eyjafirði og Albert Jensen, kt. 101156-3119, s.st. (27. desember 2001).

Reykjavík

Í janúarmánuði 2002 var kaupmáli færður í kaupmálaskrá ráðuneytisins skv. 86. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Viðtökudags hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík er getið innan sviga:

1. Ósk Hrafnisdóttir, kt. 040256-3699, Bræðraborgarstíg 7, Reykjavík og Jón Arnarr Einarsson, kt. 120249-5689, s.st. (3. desember 2001).
2. Brynjar Hauksson, kt. 261276-3139, Básbryggju 23, Reykjavík og Ágúst Smári Beaumont, kt. 260876-4149, s.st. (4. desember 2001).
3. Sólveig Hjálmarsdóttir, kt. 290544-2119, Kleppsvegi 142, Reykjavík og Einar Hákonarson, kt. 140145-3789, s.st. (6. desember 2001).
4. Ingibjörg Tómasdóttir, kt. 040761-2179, Bergstaðastræti 27, Reykjavík og Þórarinn Kjartansson, kt. 110756-5349, s.st. (13. desember 2001).
5. Vera Heineman, kt. 080164-3199, Hafnarbraut 23b, Kópavogi og Hans Henrik Schröder, kt. 210643-2309, s.st. (13. desember 2001).
6. Ásgerður Ósk Jakobsdóttir, kt. 070576-

- 5979, Eskihlíð 14, Reykjavík og Stefán Kjærnested, kt. 191271-3519, s.st. (18. desember 2001).
7. Guðrún K. Jóhannsdóttir, kt. 181130-4669, Heiðargerði 33, Reykjavík og Guðmundur H. Halldórsson, kt. 270624-3089, s.st. (14. desember 2001).
8. Lena Haraldsdóttir, kt 180872-5829, Vættaborgum 110, Reykjavík og Sveinn Arnar Reynisson, kt. 120567-3659, s.st. (20. desember 2001).
9. Ragnheiður Kristiansen, kt. 160252-4489, Miðstræti 5, Reykjavík og Halldór Ármann Sigurðsson, kt. 300650-2449, til heimilis í Svíþjóð (19. desember 2001).
10. Auður Arna Arnardóttir, kt. 290370-3459, Þingholtsstræti 30, Reykjavík og Þröstur Olaf Sigurjónsson, kt. 290769-4859, s.st. (20. desember 2001).
11. Guðrún Jóhannsdóttir, kt. 091252-3179, Seilugranda 1, Reykjavík og Kolbeinn Hermann Pálsson, kt. 261145-4649, s.st. (21. desember 2001).
12. Guðrún Helgadóttir, kt. 090268-5119, Háaleitisbraut 107, Reykjavík og Geir Mikkael Antonsson, kt. 230568-5969, s.st. (21. desember 2001).
13. Guðrún Arna Björnsdóttir, kt. 070472-4149, Vallarási 2, Reykjavík og Ólafur Örn Jónsson, kt. 180866-3379, s.st. (21. desember 2001).
14. Svala Ágústsdóttir, kt. 141059-2439, Dverghömrum 8, Reykjavík og Gunnar Bollason, kt. 020853-5149, s.st. (21. desember 2001).
15. Elínborg Anna Siggeirsdóttir, kt. 090566-4079, Háteigsvegi 22, Reykjavík og Steinþór Páll Ólafsson, kt. 270670-4079, s.st. (28. desember 2001).
16. Rut Árnadóttir, kt. 231070-4439, Skúlagötu 54, Reykjavík og Kristján Gunnarsson, kt. 111269-5649, s.st. (28. desember 2001).

Siglufjörður

Í janúarmánuði 2002 var kaupmáli færður í kaupmálaskrá ráðuneytisins skv. 86. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Viðtökudags hjá sýslumannsembættinu á Siglufirði er getið innan sviga:

Jóhanna Hrefna Gunnarsdóttir, kt. 040569-3409, Norðurtúni 3, Siglufirði og Sævaldur Jens Gunnarsson, kt. 010967-3769, s.st. (15. janúar 2002).

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. janúar 2002.

(740

Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.

Í dag hefur Andrési Valdimarssyni lögfræðingi, kt. 250237-2199, verið veitt að nýju með vísun til 1. mgr. 16. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

Hinn 14. þ.m. lagði Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, kt. 280574-5979, inn til ráðuneytisins réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður, meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum. Réttindin eru því óvirk á meðan.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. janúar 2002.

(701

Hinn 21. janúar 2002 veitti ráðuneytið Þórunni Láru Þórarinsdóttur, kt. 130368-4689, leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 22. janúar 2002.

(739

Lögbirtingablað,

13. tölublað 2002.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og ábyrgðarmaður.

Eygló Halldórsdóttir

